



Bréfa- og málasafn 1969

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Forsætisráðherra – Aðalsteinn J. á Eskifirði – Baldvin Tryggvason –
Bjarni Beinteinsson – Ingólfur Guðmundsson – Þorvaldur Garðar Kristinsson – Leif Wisén – Mamie
Doud Eisenhower – Már Elísson – P.H. Spaak – Richard Beck – Sigurjón Sigurðsson – Sólveig
Georgsdóttir – Utanríkisráðuneytið – Almenn Bókafélagið – AB – Byggingarfélagið Bústaður –
Dvergabakki – Húsnæðisstofnun – Sjávarútvegsmál

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-36, Örk 10

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SIGURJÓN SIGURÐSSON

LÖGREGLUSTJÓRI

4/7/69.

Forsætisráðherra
Dr. Bjarni Benediktsson.

Kona sú er óvæti gifti í Háu-
hlit í morgun kl. 4.45 er

105. Hún er drykkisgjallrætt,
þekkt hjá lögreglu og
laust óráðil. [redacted] var gift

[redacted] hjá morgun
árum. Er minna á sífelddum
flakri met rómum. Óhálsomum
telur meðlaus.

Með þestu kveðji
Sigurjóni.

ALMENNA
BÓKAFÉLAGIÐ

AUSTURSTRÆTI 18 PÓSTHÓLF 9 REYKJAVÍK SÍMAR 19707 & 16997



Reykjavík, 6. maí 1969.

Hr. forsætisráðherra
dr. Bjarni Benediktsson,
Reykjavík.

Hér með sendi ég þér prófarkir af bók þeirri, sem ég minntist á við þig fyrir nokkrum dögum. Hún er ekki eins afleit og ég tladi við fyrstu sýn, en þó eru í henni margar villur og mjög rangtúlkaðar upplýsingar um ýmis atriði. Einkum stingur í augu, að samkvæmt skoðun höfundar virðast áhrif verkalýðsnreyfingarinnar næsta lítil á þróun mála á Íslandi, eins og það á sér mikla stoð eða hitt þó heldur. Fleira mætti tína til.

Til viðtals við þig, sem mun hafa átt sér stað 1967, er vitnað beint eða óbeint á bls. 65, 89, 96, 144 og 145.

Um Keflavíkurflugvöll og Nató er talað á bls. 86-87 og víðar. Athyglisvert er að lesa bls. 109-114.

Annars hef ég strikað út á spássiuna þar sem mér hefur þótt úr hófi keyra eða orka tvímælis, eða vafasamt að rétt sé eftir haft.

Mér finnst ekki koma til mála, að við gerum hið minnsta til að stuðla að sölu þessarar bókar, og ég mun skýra útgefanda og höfundu frá skoðun minni á bókinni, að þrátt fyrir að í henni sé að finna vinsamlegan grunntón skorti á nákvæmni, og höfundur hafi ekki fengið réttar upplýsingar um einstök atriði eða um misskilning sé að ræða.

Þú sendir mér bókina aftur þegar þú hefur haft tók á að líta yfir hana.

Með beztu kveðjum,

ALMENNA
BÓKAFÉLAGIÐ

AUSTURSTRÆTI 18 PÓSTHÓLF 9 REYKJAVÍK SÍMAR 19707 & 16997



Reykjavík, 6. maí 1969.

Hr. forsætisráðherra
dr. Bjarni Benediktsson,
Reykjavík.

Hér með sendi ég þér prófarkir af bók þeirri, sem ég minntist á við þig fyrir nokkrum dögum. Hún er ekki eins afleit og ég tladi við fyrstu sýn, en þó eru í henni margar villur og mjög rangtúlkaðar upplýsingar um ýmis atriði. Einkum stingur í augu, að samkvæmt skoðun höfundar virðast áhrif verkalýðshreyfingarinnar næsta lítil á þróun mála á Íslandi, eins og það á sér mikla stoð eða hitt þó heldur. Fleira mætti tína til.

Til viðtals við þig, sem mun hafa átt sér stað 1967, er vitnað beint eða óbeint á bls. 65, 89, 96, 144 og 145.

Um Keflavíkurflugvöll og Nató er talað á bls. 86-87 og víðar. Athyglisvert er að lesa bls. 109-114.

Annars hef ég strikað út á spássíuna þar sem mér hefur þótt úr hófi keyra eða orka tvímælis, eða vafasamt að rétt sé eftir haft.

Mér finnst ekki koma til mála, að við gerum hið minnsta til að stuðla að sölu þessarar bókar, og ég mun skýra útgefanda og höfundu frá skoðun minni á bókinni, að þrátt fyrir að í henni sé að finna vinsamlegan grunntón skorti á nákvæmni, og höfundur hafi ekki fengið réttar upplýsingar um einstök atriði eða um misskilning sé að ræða.

Þú sendir mér bókina aftur þegar þú hefur haft tók á að líta yfir hana.

Með beztu kveðjum,

Stokkhólmi, 14. jan. 1969

Herra forsætisráðherra,

Félag íslenzkra stúdenta í Stokkhólmi hefur haft spurnir af fyrirhuguðum forsætisráðherrafundi Norðurlanda í Stokkhólmi um næstu mánaðamót. Okkur leikur hugur á að vita, hvort þér munuð taka þátt í fundi þessum. Ef svo er, höfum við mikinn áhuga á að fá yður til að ræða um efnahagsmálin á Íslandi í dag, og jafnvel svara fyrirspurnum á félagsfundi.

Okkur þætti ákaflega vænt um að fá upplýsingar um, hvort þér teljið yður þetta fært, og þá nákvæma tímaákvörðun. Það væri okkur mikil ánægja, ef þér gætuð orðið við þessari beiðni okkar.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar FISS

Sólveig Georgsdóttir

(ritari)

Stockholm den 4 januari 1969.

Statsminister
Bjarni Benediktsson

REYKJAVIK

Vi inom Utrikespolitiska Föreningen i Stockholm vill mycket gärna inbjuda Er att gästa vår förening. Jag hoppas på att Ni kanske har någon tid över vid Ert besök här i Stockholm i början av mars. Vanligtvis anordnar vi kvällsprogram, som brukar börja kl 20.00. Dessutom anordnar vi s.k. "Postis-luncher" på Kårhuset med inbjudna talare.


Utrikespolitiska Föreningen är en partipolitiskt obunden förening vid Stockholms Universitet med för närvarande över 600 medlemmar. Föreningen bedriver ideell verksamhet och har till uppgift att belysa och diskutera aktuella utrikespolitiska problem, samt att verka för upplysning om FN och andra former för internationellt samarbete. Föreningen ansluter sig till FN:s deklaration om de mänskliga rättigheterna av den 10.12 1948.

Under hösten har vi bl.a. gästats av Jack Halpern, Ludvik Vesely, Andreas Papandreou, Jens Otto Krag, Alva Myrdal och under november månad gästades vi av förre vice regeringschefen i Tjeckoslovakien Ota Sik, som kom till Sverige enbart för att vara UF:s gäst. Förutom intensiv programverksamhet har vi omfattande studiegrupps- och seminarieverksamhet.

Vi uppskattade mycket Ert tidigare besök i vår förening under hösten 1966 och det skulle glädja oss mycket om Ni kunde besöka föreningen i början av mars månad. Angående ämne till anförande står det Er naturligtvis helt fritt att välja. Vi studenter i Stockholm behöver utan tvivel mer information om vårt broderland Island.

Med stark förhoppning om att få se Er som vår gäst tecknar jag på Utrikespolitiska Föreningens vägnar.

Med vänlig hälsning,


Leif Wisén
vice ordförande i
UTRIKESPOLITISKA FÖRENINGEN
Stockholm

Adress för korr.:
Leif Wisén
Saltvägen 27
123 56 FARSTA
Sverige
tel.: 08/942848

Reykjavík, 30. september 1963.


Hr. form. Sjálfstæðisflokksins,
Bjarni Benediktsson,
Háuhlíð 14, Rvík.

Með bréfi þessu sendir stjórn Heimdallar F.U.S. þér eintak af álitum um úrslit kosninganna, áróður Sjálfstæðisflokksins í kosningum, skipulag flokksins og starf o.fl.

Álit þetta er samið á vegum Heimdallar að undan- gengnum viðtækum umræðum innan stjórnar félagsins um þau mál, sem í því er fjallað. Er skjali þessu ætlað að vekja athygli á því, sem miður fer í starfi flokksins og benda á leiðir til úrbóta, sem hæfi kröfum nýs tíma.

Innan tíðar mun stjórn Heimdallar fara þess á leit við þá, sem skjal þetta hefur verið sent, að þeir ræði við stjórn félagsins um efni þess.

Með beztu kveðju,
f.h. stjórnar Heimdallar, F.U.S.



Bjarni Beinteinsson,
form.

Skýrslan er send til
eftirfarandi aðila:

Varaformanns Sjálfstæðisflokksins, Gunnars Thoroddsen,
Formanns fjármálaráðs, Jóhanns Hafstein.
Formanns fulltrúaráðsins, Birgis Kjara.
Borgarstjórans í Reykjavík, Geirs Hallgrímssonar.
Formanns S.U.S. Þórs Vilhjálmssonar.
Framkvæmdastjóra flokksins, Þorvaldar Garðar Kristjánssonar.

den 11. juli 1969.

Hr. statsminister Benediktsson.

Jeg beder Dem modtage min hjerteligste tak for
Deres kondolence i anledning af min mand, indenrigs-
minister Poul Sørensens bortgang.

Han omfattede Island med stor kærlighed.

Deres hengivne

Nele Poul Sørensen

NELE POUL SØRENSEN

SAMRIT

30. júní 1969.



Nr. 203

Greiðsla vegna forsætis-
ráðherra

Á 1. og 2. ársfjórðungi þessa árs hefur sendiráðið greitt samtals b.fr. 12.340.00 vegna forsætisráðherra.

Hefur sendiráðið leyft sér að fara ríkissjóði ofangreinda upphæð til skuldar á reikningskilum 2. ársfjórðungs.

Samrit af bréfi þessu er sent forsætisráðherra og ríkisbókhaldinu.

Útl. Lec. 21.619.70

Utanríkisráðuneytið,
R e y k j a v í k .

Í ríkissjóð hefur

Dr. Bjarni Benediktsson
forsætisráðherraN^o 2467goldið krónur 21.619,70

SKÝRING Á GREIÐSLUNNI

útlagt fé af sendiráði Íslands í Brüssel skv. bréfi sr. dags.
30.06.69.

KRÓNUR

Tuttuguogeyttþúsundsexhundruðognítján 70/100


og veitist hér með viðurkenning fyrir téðri upphæð.

Reykjavík, 14.07.69.

RÍKISFÉHIRÐIR



RÍKISBÓKHALD



Um bréf byggingarfélagsins Bústaður s.f.
dags. 2. apríl 1969 til forsætisráðherra

Bréf Bústaðar s.f. staðhæfir, að

- 1) Húsnæðismálastofnunin hafi gefið 25 kaupendum íbúða í húsunum nr. 2 - 20 við Dvergabakka "vilyrði" fyrir úthlutun fyrri hluta láns pr. 1. apríl 1969,
- 2) allar þessar íbúðir hafi verið fokheldar á árinu 1968.

Um 1.

Af hálfu Húsnæðismálastjórnar er neitað, að nokkurt "vilyrði" hafi verið gefið, svo sem upp á stofnunina er hermt, hvað þá heldur loforð. Gegn þessu standa framkomnar yfirlýsingar frá 6 af kaupendum íbúðanna. En til þess að þessir kaupendur gætu hafa fengið úthlutun lána sinna pr. 1. apríl 1969, hefðu þeir þurft að vera búnir að sækja um lánin fyrir 1. ágúst 1968. Lánsúmsóknir frá þeim bárust til Húsnæðismálastofnunarinnar, sem hér segir:

Guðný Helgadóttir	umsókn innkomin	7/10	1968
Erling Jóhannesson	" "	27/9	1968
Eggert Óskarsson	" "	26/9	1968
Einar Sveinbjörnsson	" "	4/11	1968
Hellert Jóhannesson	" "	27/11	1968
Þórir Jóhannsson	" "	11/7	1968

Einn þessara umsækjenda sækir um lánið fyrir 1. ágúst 1968, Þórir Jóhannsson. Hans umsókn er afbrigðileg að því leyti, að 11/7 1968 sækir hann um lán út á íbúð í Dvergabakka 14, en hættir við þá íbúð og sækir 8/11 1968 um lán út á íbúð í Dvergabakka 16. Ennfremur er þess að gæta með þennan mann, að hann hafði fengið áður lán frá Húsnæðismálastjórn eða árið 1965, og þurfti því mál hans sérstaka meðferð, þar sem það er aðalregla, að menn geta ekki fengið aftur lán, fyrr en 5 ár eru liðin frá fyrri lántöku.


Um 2.

Þær íbúðir, sem hér er um að ræða skiptast á húsin Dvergabakka 2 - 20 sem hér segir.

Í húsi nr.	2	er	1	íbúð.
"	"	"	4	eru 2 íbúðir.
"	"	"	6	er 1 íbúð.
"	"	"	10	eru 6 íbúðir.
"	"	"	12	eru 4 íbúðir.
"	"	"	16	eru 4 íbúðir.
"	"	"	18	eru 4 íbúðir.
"	"	"	20	eru <u>3 íbúðir</u> .
			25	íbúðir.

Vottorð byggingarfulltrúans í Reykjavík, sem Bústaður s.f. hefir lagt fram, kveður á um, hvenær húsin nr. 10, 12, 14, 16, 18 og 20 urðu fokheld. Húsin nr. 2, 4 og 6 eru ekki fokheld og í þeim eru 4 af íbúðunum.

Reykjavík 9. apríl 1969.



B ú s t a ð u r s / f ,
Safamýri 44 ,
R e y k j a v í k .

Reykjavík, 2. apríl 1969.

Húsnæðismálastjórn hefir í bréfi dags. 17. marz 1969 gert athugasemdir við bréf félagsins til yðar, herra for-
sætisráðherra, sem dagsett var 12. sama mánaðar.

Af þessu tilefni vill félagið taka eftirfarandi fram :

Enginn ágreiningur er um þá 9 aðila, sem sóttu um lán fyrir 1. ágúst 1968 og áttu þá fokheldar íbúðir, enda hafa þeir allir fengið lánsloforð um úthlutun eftir 1. apríl.

Það er um hina 25, sem sóttu um lán eftir 1. ágúst 1968, sem deilan stendur.

Þessir 25 kaupendur fullyrða, að þeir hafi talað við Húsnæðismálastofnunina og fengið vilýrði fyrir úthlutun á fyrrihluta láns við vorúthlutunina 1969 og í trausti þess keypt íbúðir sínar. Í bréfi sínu viðurkennir Húsnæðismálastjórn að 20 þessara kaupenda hafi sett sig í samband við hana en þeir geti ekki hermt nein loforð upp á hana, þar eð allri úthlutun lána eftir 1. apríl 1969 hafi þá verið lokið miðað við 1. ágúst 1968.

Sé það rétt, að úthlutun lána eftir 1. apríl hafi endanlega verið lokið 1. ágúst 1968, er augljóst, að enginn þeirra kaupenda, sem keyptu eftir 1. ágúst 1968 kom til greina við úthlutun eftir 1. apríl 1969 og bar Húsnæðismálastofnuninni því vitanlega skylda til þess að skýra þessum kaupendum umbúðalaust frá þeirri staðreynd. Nú verður að telja útilokað að þessir kaupendur allir leggi það upp úr samtölum sínum við Húsnæðismálastofnunina að þeir hafi fengið vilýrði fyrir úthlutun vorið 1969, hafi þeim í raun og veru verið sagt þvert á móti að úthlutun þá væri þegar lokið og þeir gætu því ekki komið til greina við hana.

Er félaginu næst að halda að þarna skjóti jafn skökku við og varðandi þær 4 íbúðir, sem taldar eru enn ófokheldar í bréfi Húsnæðismálastjórnar frá 17. marz 1969.

Varðandi fyrra atriðið lætur félagið hér með fylgja yfirlýsingar þeirra af kaupendunum, sem náðst hefir í með þessum stutta fyrirvara, en varðandi síðara atriðið vottorð byggingafulltrúans í Reykjavík, þar sem fram kemur, að allar íbúðirnar voru fokheldar þegar á árinu 1968.

Hér hafa því orðið stórfelld mistök og afdrifarík bæði fyrir félagið og þó sérstaklega fyrir þessa kaupendur, sem í trausti samtala sinna við Húsnæðismálastofnunina tókust á hendur hinar háu fjárskuldbindingar sínar.

Herra forsætisráðherra
Bjarni Benediktsson,
Reykjavík .

Virðingarfyllst ,

B ú s t a ð u r s / f

Ingólfur Jónsson

Samkræmt beiðni Bústaðar s. f. lýsi ég
undirritaður því hér með yfir, að áður en ég
festi kaup á íbúð minni í húsinu nr. 18
við Dvergabakka, hér í borg, átti ég tal
við Húsnæðismálastofnunina og var mér þar
veitt vilyrði fyrir úthlutun fyrrihluta láns
við vorðthlutunina 1969.

Reykjavík, 1. apríl 1969.

Guðmý Helgadóttir

Samkvæmt beiðni Bústaðar s. f. lýci ég
undirritaður því hér með yfir, að áður en ég
festi kaup á föðu minni í húsinu nr. 16
við Dvergabakka, hér í borg, átti ég tal
við Háskólastofnunina og var mér þar
veitt vilyrði fyrir úthlutun fyrrihluta láns
við vorkhlutunina 1969.

Reykjavík, 1. apríl 1969.

Gilng Jóhannsson

Samkvæmt beiðni Bústaðar s. f. lýsi ég undirritaður því hér með yfir, að áður en ég festi kaup á íbúð minni í húsinu nr. 16 við Dvergabakka, hér í borg, átti ég tal við Húsnæðismálastofnunina og var mér þar veitt viljrði fyrir úthlutun fyrrihluta láni við vorúthlutunina 1969.

Reykjavík, 1. apríl 1969.

Pórir Jóhannsson

Samkvæmt beiðni Bústaðar s. f. lýsi ég undirritaður því hér með yfir, að áður en ég festi kaup á íbúð minni í húsinu nr. 16 við Dvergabakka, hér í borg, átti ég tal við Húsnæðismálastofnunina og var mér þar veitt vilyrði fyrir úthlutun fyrrihluta láni við vorúthlutunina 1969.

Reykjavík, 1. apríl 1969.

Eggest Óskarsen

Samkvæmt beiðni Bústaðar s. f. lýsi ég
undirritaður því hér með yfir, að áður en ég
festi kaup á íbúð minni í húsinu nr. 10
við Dvergabakka, hér í borg, átti ég tal
við Húsnæðismálastofnunina og var mér þar
veitt viljrði fyrir úthlutun fyrrihluta láns
við vorúthlutunina 1969.

Reykjavík, 1. apríl 1969.

Einar Guðbjörnsson.

Samkvæmt beiðni Bústaðar s. f. lýsi ég
undirritaður því hér með yfir, að ~~25.~~^{25.} ég
festi kaup á íbúð minni í húsinu nr. 20
við Dvergabakka, hér í borg, átti ég tal
við Húsnæðismálastofnunina og var mér þar
veitt vilyrði fyrir úthlutun fyrrihluta láni
við vorúthlutunina 1969.

Reykjavík, 1. apríl 1969.

Auro Jóhannsson

*Ég festi kaup á íbúðinni í
juni 1968.*

Auro Jóhannsson.



SKRIFSTOFUR REYKJAVÍKURBORGAR

SKÚLATÚNI 2 – SÍMI 18000

BYGGINGARFULLTRÚI

Reykjavík, 2. apríl 1969.

Stigahúsin nr. 10 og 12 við Dvergabakka voru fokheld 11. nóv. 1968.

Stigahúsin nr. 14 og 16 við Dvergabakka voru fokheld 10. júní 1968.

Stigahúsin nr. 18 og 20 við Dvergabakka voru fokheld 29. apríl 1968.



F.h. BYGGINGARFULLTRÚANS
I REYKJAVÍK

C. Björnsson

Til: Dr. Bjarna Benediktssonar form. Sjálfstæðisflokksins

Frá: Mía Elíssyni

Efni: Ráðstefna um sjávarútvegsmál.


Að vandlega yfirveguðu ráði og í samráði við formann fulltrúaráðsins, Hörð Einarsson, hefur undirbúningsnefndin ákveðið að fresta fyrirhugaðri ráðstefnu um sjávarútvegsmál, sem halda átti á vegum fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík.

Rætt var um 26. eða 29. maí sem vænlegan fundartíma og hafði undirbúningur miðast þarvið.

Ástæðan til frestunar er einkum sú, að fjórir væntanlegu ræðumenn eru ýmist erlendis í söluferðum eða voru önnur kafnir við undangengnar samningaumleitanir.

Ráðstefnunni hefur enn ekki verið valinn nýr tími. Vonumst við til að fá að hafa samráð við þig þaraðútandi.

Reykjavík, 20.maí 1969
F.h. undirbúningsnefndar




MAMIE DOUD EISENHOWER

Brussels
May 20, 1969

Dear Mr. Prime Minister:

Thank you for your warm message of sympathy on the passing of my beloved husband. Your comforting words were deeply appreciated by my family and myself.

Sincerely,

A handwritten signature in cursive script that reads "Mamie Doud Eisenhower". The signature is written in dark ink and is positioned below the word "Sincerely,".

His Excellency
Bjarni Benediktsson
Prime Minister of Iceland
Reykjavik

28 Marlborough Street
Victoria, B.C., Canada

18. marz 1969

Herra forsætisráðherra dr. Bjarni Benediktsson,
Reykjavík.

Góði vinur:

Minnugur vinsemdar þinnar í minn garð, sendi ég þér samtímis þessu bréfi í sérstöku umslagi í flugpósti áritaða sérprentun af ritgerð minni um "Hálfrar aldar afmæli Þjóðræknisfélagsins", úr nýútkomnu Tímariti þess, en þar vík/^{ég} sjálfsögðu sérstaklega að sögu- ríkri Vesturheimsferð ykkar hjónanna.

Miklir auðsúgestir voru þau Jóhann Hafstein, ráðherra, og frá Ragnheiður einnig okkur Vestur-Íslendingum, og vil ég persónulega og sem fyrrv. forseti Þjóðræknisfélagsins þakka ríkisstjórn Íslands fyrir að senda okkur svo glæsilega og ágæta fulltrúa á 50 ára afmælisþing og afmælishátíð félagsins. Með komu sinni hafa þau áreiðanlega treyst drjúgum ættar- og menningartengslin milli Íslendinga yfir hafið

Með kærum kveðjum frá konu minni og mér til ykkar hjónanna og þökkum fyrir okkur auðsýnda vináttu af ykkar hálfu. Ættjörðinni bið ég blessunar.

Þinn einlægur,

Richard Beck

22/1'69.

Linnit sent —
Drott Ólafssyni

Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.

Símar 7 og 112 — Eskifirði

Eskifirði, 8/1 1969

Kæri vinur.

Kærar þakkir fyrir síðast, og allt gamalt. Ég veit að þú hefir mikið að gera, en vona að þú hafir einhverju sinni tíma til að líta yfir þessar línur.

Nú er sótt að manni úr ýmsum áttum, og að því að mér finnst oft að ósekju.

Ég segi að ósekju þegar tekið er tillit til þess, að síðan þið bræður trúðuð mér fyrir því að reka þessi fyrirtæki okkar sameiginlega, en það var árið 1960, hefir umsetning þeirra numið 1.408.000.000.00 kr. og þau skapað gjaldeyri fyrir 875.000.000.00. (erlendar skuldir þessara fyrirtækja í dag eru um 10.000.000.00, aðallega vegna bátanna). Þau hafa greitt í vinnulaun kr. 248.000.000.00, í vexti kr. 46.500.000.00 og í opinber gjöld kr. 23.000.000.00.

Mér finnst það liggja í augum uppi, að þarna hljóti margur að hafa notið góðs af.

Á síðastliðnu vori var mér boðið að vera með í að leigja síldarflutningaskipið Nordgaard, ábyggilega fyrir þín orð. Rauk ég þá til og lét dýpka höfnina hérna, og útbjó mig á annan hátt hér á landi til að geta tekið á móti þessu stóra skipi.

En þá er undirbúningi var lokið, var mér gert að setja 5 milljón króna tryggingu til þess, að fá að vera með að einum fjórða hluta. Þessa tryggingu gat ég og vildi ekki setja, en fór hinsvegar í að leigja m/s Dagstjörnuna til síldarflutninga, sem þú hjálpaðir mér við er þú leizt inn til mín í sumar. Ég hafði skipið að vísu ekki lengi á leigu sem betur fór, en tapaði á þessum undirbúningi svo og leigunni, allverulegri upphæð.

Eskifirði,

196

Nú er ekki við neinn að sakast um þetta í sjálfu sér, að öðru leiti en því, að þeim sem leigðu Nordgaard eða S.R. var lofað því áður en skipið fór í flutningana, að ríkissjóður ábyrgðist taprekstur skipsins.

Þarna hafa mér verið gefnar rangar upplýsingar. Nú hefir mér dottið í hug, hvort ekki mundi vera hægt að fá Seðlabankann til að taka tillit til þessara síldarflutninga okkar þó í litlu væri, þar sem þetta var þó eina bræðslan hér fyrir austan sem sýndi einhverja tilburði til síldarflutninga, og hefði örugglega lánast vel hefði einhver síld veiðst.

Ég veit það af minni reynslu, að það þýðir ekkert fyrir mig að fara og tala við þessa menn um þetta mál, en teldi það geta haft úrslitabýðingu ef þú hefðir möguleika á að leggja mér þarna lið.

Því sannleikurinn er sá, að þessar tver síldarverksmiðjur hvíla of þungt á öðrum rekstri svo sem vetrarvertíðinni sem var mjög góð hjá okkur í fyrra, og ég vona að verði ekki síðri nú ef maður fær að vera í friði með þann rekstur, án þess að vera ofþýngt með skuldum verksmiðjanna.

Það er þessi friður sem ég er að biðja um. Mér finnst ástæðulaust miða við það sem þessar síldarverksmiðjur eru búnar að mala, því þær eru margbúnar að borga sig þjóðhagslega séð, að fá ekki að vera í friði með þennan þróttmikla rekstur áfram, einmitt til að geta borgað þessar margumtöluðu verksmiðjuskuldir smátt og smátt, þótt syrt hafi í álinn um stundarsakir. Mér voru að berast fréttir af góðri fyrirgreiðslu vegna frystihússins, og þakka ég þér innilega fyrir það. Við verðum með 6 bátum á komandi vertíð, og eru þeir allir lagðir til atlögu við þann gula.

Kæri vinur, ég held ég hafi þessar línur ekki fleiri.

Berðu beztu kveðjur til konu þinnar og barna.

Walskjólmur
Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur


Braine l'Alleud, le 31 mai 1969
18, chemin Lazare

Mon cher Premier Ministre,

Rentré en Belgique je désire vous remercier encore une fois de l'amabilité que vous m'avez témoignée. Je garde le meilleur souvenir de mon passage à Reykjavik.

Je me réjouis de vous revoir en octobre à Washington.

Je vous prie de croire, mon cher Premier Ministre, à l'assurance de mes sentiments les meilleurs.



P.H. SPAAK

Monsieur BENEDIKSON,
Premier Ministre d'Islande,
REYKJAVIK (Islande).